

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlita skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa	kr. 24 500
63 A 3-fasa	kr. 33 200

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 12 340 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 800.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 1 800 til rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi frá og með 15. febrúar 1979 sam-
anber auglýsingu ráðuneytisins nr. 84/1979 um hækkun smásöluverðs raforku.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. Raforka.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 81.60 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 25.15 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 12 843.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 381.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Pennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 81.60 hver kWst. til ljósa og kr. 22.11 hver kWst. til suðu og hitunar.
 B—2 Kr. 22.11 hver kWst. til heimilisnotkunar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 45.25 hver kWst. til iðnaðar.
 C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 15.763.00 hvert kW, og kr. 8.09 hver kWst.
 C—3 Kr. 27.10 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
 C—4 Sértaxti Gefjunar, kr. 3.49/3.15 hver kWst. og kr. 28 877 hvert kW.
 C—5 Vegna byggingaframtækna kr. 50.00 hver kWst.

D. Hitun.

- D—1 Kr. 5.65 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
 D—2 Kr. 3.90 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
 D—3 Sértaxti til upphitunar kr. 4.91 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

- E—1 Kr. 12.36 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
 E—2 Kr. 16.07 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
 E—3 Kr. 7.83 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
 F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 8.51 hver kWst. til iðnaðar.

Önnur skilyrði til raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 amp. Kr.	30—50 amp. Kr.	50—100 amp. Kr.	100—500 amp. Kr.	Yfir 500 amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	1 401.00	1 723.00	1 877.00		
3-fasa kWst.-mælar	2 802.00	3 643.00	4 690.00	7 805.00	17 172.00
Tvígj.- og mestastr.-mælar		4 690.00	7 805.00	12 572.00	25 204.00
Stýrikerfisliðar		5.800.00			

Af öðrum tækjum en þeim sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
	Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m	Loftlína kr./stólpi	Loftlína kr./stólpi
25 A 1-fasa	31 525	16 000	—	Innif.	28 500
25 A 3-fasa	47 000	23 500	—	—	40 000
63 A 1-fasa	115 000	23 500	Innif.	—	40 000
63 A 3-fasa	125 000	26 500	—	—	44 000
110 A 3-fasa	155 000	31 500	—	—	55 000
200 A 3-fasa	90 000	—	8 850	—	—
315 A 3-fasa	268 000	—	6 500	—	—
300 kVA 3-fasa	715 000	—	Samkv. kostn.	—	—
500 kVA 3-fasa	1 140 000	—	—	—	—
800 kVA 3-fasa	1 185 000	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útítengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa í húsveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m. Innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 2500.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð fyrir en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 3000.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 20% er innifalinn í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-
lögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 15.
febrúar 1979 samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 84/1979 um hækkun smásölu-
verðs raforku.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í a. m. k. 8 öftustu metrum botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm sbr. þó 7. gr. B-lið, 2. mgr.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu og flotvörpu en í 1. mgr., greinir, skal vera 135 mm.

2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

- a. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., og utan línu, sem dregin er frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., í stað 64°53'0 n.br., 25°15'0 v.lgd. og þaðan í 90° réttvísandi í stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'0 v.lgd. þaðan í stað 63°06'0 n.br., 18°00'0 v.lgd. síðan í 65° réttvísandi að 10°00'0 v.lgd. og þaðan 90 réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- b. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'0 v.lgd. og 21°00'0 v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómíliur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.